

ina nr. 40 sbr. rskj. nr. 1. og nr. 5, enda er slík kvöð ekki nefnd í afsölonum fyrir nr. 42.

Samkvæmt framansögðu álitst því eiganda nr. 42 óheimilt að hafa eða setja nokkur mannvirki vestur af húsgafli sínum og fyrir vestan línuna *ab* á rskj. nr. 11, sem hindra frjálsa umferð eiganda nr. 29 við Klapparstíg um gangstíginn alt suður að lóðarmörkum við línuna *bc* á rskj. nr. 11.

Ekki þykir ástæða til að gera málsaðilum að greiða kaup dómsmanna, en borgun fyrir birtingu fyrirkalls endurgreiði málsaðilinn Þorsteinn Gunnarsson bæjarsjóði Reykjavíkur með 2 kr.

---

Föstudaginn 30. maí 1924.

Nr. 10/1924. **P. Mogensen f. h. Áfengisverslunar ríkisins** (Jón Ásbjörnsson)  
 gegn  
**bæjarstjórn Reykjavíkur**  
 (Guðm. Ólafsson).

Um útsvarsskyldu.

Úrskurður fógetarjettar Reykjavíkur 26. jan. 1924: Hin framkomnu mótmæli verða ekki tekin til greina og á lögtaksgjörðin fram að fara á ábyrgð gjörðarbeiðanda.

### Dómur hæstarjettar.

Það er rjettilega tekið fram í hinum áfrýjaða fógetarjettarúrskurði, að Áfengisverslun ríkisins, sjerstaklega smásalan í Reykjavík, sem útsvarið að sögn hinnar stefndu bæjarstjórnar hefir aðallega verið lagt á, er rekin í hagnaðar og gróðaskyni fyrir rikissjóðinn og er það upplýst að verslunin er rekin sem sjáfstætt arðsamt fyrirtæki og að reksturinn er ekki

frábrugðinn verslunarrekstri einstakra manna eða fjelaga í neinu því, er máli skiftir um útsvarsskylduna. Er því verslunin sem hver önnur föst verslun í kaupstaðnum útsvarskyld í bæjarsjóð Reykjavíkur samkvæmt 3. gr. sbr. 1. gr. í lögum nr. 18, 19. okt. 1877, og ber því með skírskotun til fógetarjettarúrskurðarins að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða hinni stefndu bæjarstjórn málskostnað fyrir hæstarjetti, er ákveðst 300 krónur.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða fógetarjettarúrskurði skal öraskað. Áfrýjandi P. Mogensen f. h. Áfengisverslunar ríkisins, greiði bæjarstjórn Reykjavíkur 300 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Við aukaniðurjöfnun útsvara í Reykjavík í september 1922 gjörði niðurjöfnunarnefndin Áfengisverslun ríkisins að greiða 8000 króna aukaútsvar í bæjarsjóð það ár. Þar sem Áfengisverslunin vildi ekki greiða útsvar þetta hefir bæjargjaldkeri Reykjavíkur krafist lögtaks fyrir því, en Áfengisverslunin hefir látið mæta af sinni hálfu við lögtaksgjörðina og mótmæla því að hún nái fram að ganga. Bæjargjaldkerinn hefir hinsvegar haldið fast við lögtakskröfunu fyrir hinni umræddu aukaútsvarsupphæð ásamt kostnaði við lögtakið og væntanlega sölu hinna lögteknunna muna og báðir málsaðilar lagt ágreininginn undir úrskurð fógetarjettarins.

Eins og alkunnugt er var með lögum nr. 44 frá 30. júlí 1909 sbr. ný lög nr. 91/1917, bannaður innflutningur til Íslands frá 1. janúar 1912 að telja á áfengi, sem í er meira en  $2\frac{1}{4}\%$  af vínanda að rúmmáli, nema til iðnaðarfyrirtækja, efnarannsóknar-

stofu, náttúrugripasafna, eða annara þvillíkra stofnana, til iðn-  
þarfa og verklegra nota í stofnuninni. Svo var og leyft að flytja  
inn vínanda til eldsneytis og vínanda og annað áfengi til læknis-  
dóma eftir hinni almennu lyfjaskrá. Skyldi alt áfengi, er leyfi-  
legt var að flytja inn eftir framansögðu, flutt fyrst á land hjer í  
bænum og vera undir umsjón sjerstaks manns, umsjónarmanns  
áfengiskaupa, er hafa skyldi á höndum eftirlit með áfengiskaup-  
um. Síðar var sendimönnum annara ríkja heimilaður takmark-  
aður áfengisinnflutningur.

Með lögum nr. 62 frá 27. júní 1921 var ríkisstjórninni frá  
1. janúar 1922 veittur einkarjettur til innflutnings hingað til lands-  
ins frá útlöndum á vínanda og áfengi, sem heimilt var að flytja  
til landsins eftir aðfutningsbannslögum, að konsúlaáfenginu undan-  
skildu, og rjettur til sölu á því til lyfsala og lækna, er rjett  
höfðu til lyfjasölu, svo og öðrum þeim, er bannlögin heimiluðu.  
Skyldi sett á stofn áfengisverslun og ríkisstjórnin skipa mann til  
að veita henni forstöðu. Skyldi hann hafa lyfsalapróf og hafa á  
hendi eftirlit með lyfjabúðum landsins.

Í lögum er svo ákveðið, að ríkisstjórnin setji nánari regl-  
ur um áfengissölu, svo og um það, hvernig fara skuli um  
áfengisbirgðir lyfjabúða og lækna, sem fyrir hendi kunna að  
verða þegar lögin ganga í gildi, hvort gjald skuli greitt af þeim  
í ríkissjóð eða hvort þær skuli teknar eignarnámi.

Á áfengi það og vínanda, sem heimilt var að flytja til lands-  
ins og eigi skyldi nota til lyfja, skyldi leggja 25—75 %, miðað  
við verð þess komins í hús hjer á landi, að meðtöldum tolli.  
Lyfjaáfengi svo og önnur lyf, er verslunin útvegaði læknum, skyldu  
hinsvegar seljast án hagnaðar. Lögákveðna tolla og innflutnings-  
gjöld af vörum til verslunarinnar skyldi greiða á þann hátt, og á  
þeim tíma sem toll- og skattalög mæltu fyrir, en á útsvarsskyldu  
verslunarinnar var ekki minst einu orði. Ágóða af versluninni  
skyldi greiða í ríkissjóð og teljast með tekjum hans og hámarks-  
verð í smásölu skyldi ríkisstjórnin setja á vörur þær, er lögin  
hljóða um.

Með lögum nr. 9 frá 30. nóvember 1922, sem gengu þegar  
í gildi, var svo ákveðið að með kgl. tilsk. mætti ákveða að vín,  
sem ekki er í meira en 21 % af vínanda að rúmmáli, skuli undan-  
þegin ákvæðum bannlaganna og að reglugjörð skuli sett til varn-  
ar misbrúkun við sölu og veitingar þessara vína. Var tilskipun  
þessi gefin út sama dag og lögin og samkvæmt henni reglugjörð

frá 18. júní 1922 (Stj.tíð. s. á. B., bls. 143). Í henni er „Áfengisverslun ríkisins“ falið að annast innflutning og sölu á vínnum þeim, er inn má flytja eftir lögnum, til a) útsölastaða, sem settir eru á stofn með reglugjörðinni, b) veitingastaða þeirra, sem rjett hafa til veitinga vína eftir henni og c) lyfsala og lækna, sem rjett hafa til lyfjasölu, þó aðeins þau vín, sem talin eru í lyfjaskrá og aðeins til lyfja.

Áfengisversluninni er og falið að ákveða útsöluverð vína, skal það ekki fara fram úr innkaupsverði með áföllnum kostnaði „að viðbættum venjulegum verslunarhagnaði“ (4. gr. reglugjörðarinnar).

Í Reykjavík hefur landsstjórnin sjálf útsölu vinnanna (5. gr. reglugjörðarinnar) og hefur falið hana Áfengisversluninni. Er því ómótmælt haldið fram í þessu máli, að Áfengisverslunin hafi byrjað smásölu á vínnum 29. júní 1922 og opnað sjerstaka búð fyrir hana 29. ágúst s. á. Í hinum öðrum kaupstöðum þar sem áfengissala er, er hún rekin af einstökum mönnum sem fengið hafa meðmæli bæjarstjórnar og leyfi dómsmálaráðuneytisins. Fá þeir vínin frá Áfengisversluninni með heildsöluverði og selja þau út í smásölu fyrir eigin reikning á því verði er Áfengisverslunin hefir ákveðið.

Mótmæli sín gegn framgangi lögtaksgjörðar þessarar byggir gjörðarþoli á því að útsvarið sje ekki rjettilega lagt á Áfengisverslunina, þar sem hún hafi eigi tekið til starfa fyrri en í ársbyrjun 1922 og ekki nema mjög lítið fyrstu mánuðina, hljóti útsvarið að vera lagt á tekjur hennar árið 1922, en af því leiði, að tvisvar verði lagt á sömu umsetninguna, því við útsvarsálagningu eigi að leggja á tekjur gjaldanda næsta ár á undan gjaldárinu sbr. auglýsingu nr. 68 frá 26. maí 1915, enda sje enginn vafi á að þeirri reglu sje fylgt við niðurjöfnun aukaútsvara, ekki síst síðan alment skattaframtal komst á og alt annað yrði óhæfilegur slumpareikningur.

Á þetta getur fógatarjetturinn þó ekki fallist. Hið umkrafaða aukaútsvar er lagt á Áfengisverslunina við aukaniðurjöfnun útsvara hjer í bønnum í september 1922 og þá að sjálfsögðu á rekstur og tekjur hennar það ár, sjerstaklega af smásöluinni, sem þá var sýnilegt orðið, að rekin yrði í 4 mánuði það ár. Aukaniðurjöfnun hjer í bønnum fer fram síðari hluta septembermánaðar og gilda um hana sömu reglur og settar eru um aðalniðurjöfnunina, sem fer fram í febrúarmánuði sbr. 18. og 19. gr. reglugjörðar

nr. 68/1915. Niðurjöfnun aukaútsvara fer fram eftir efnum og ástandi gjaldendanna og nær til allra sem hafa fast aðsetur í bænum, þegar hún fer fram sbr. tilsk. 20. apríl 1872, 22. gr. Á fastar verslanir og aðrar arðsamar stofnanir og fyrirtæki í kaupstaðnum, sem eru rekin að minsta kosti 4 mánuði af gjaldárinu (þ: því ári sem aukaútsvarið verður gjaldkræft á) er lagt gjald eftir heimild í lögum nr. 18/1877 um bæjargjöld í Reykjavíkurkaupstað, 3. gr. og skal það samsvara útsvarinu eftir efnum og ástandi, samkvæmt því sem hæfa þykir eftir árlegri veltu og arði, án þess að tillit sje tekið til annara tekna og eigna þess, sem í hlut á. — Ef nú skoðun gjörðarþola, að leggja eigi á undanfarandi árstekjur, væri rjett, væri eigi hægt að leggja aukaútsvar á mann eða stofnun fyrsta atvinnurekstrarar hans, eða hennar, en hitt er þó venja að það sje gjört. Hitt er annað mál að við niðurjöfnun aukaútsvara er að jafnaði tekið mikið tillit til tekna gjaldendanna árið á undan, því þær þykja oft góð bending og leiðarvísir um efni þeirra og ástand á gjaldárinu.

Þá eru mótmæli gegn framgangi lögtaksgjörðar þessarar og sjerstaklega bygd á því, að það verði að teljast meginregla í löggjöf vorri að ríkissjóður sje aldrei útsvarsskyldur, og hafi þeirri reglu jafnan verið fylgt, þar til farið hafi verið að elta Landsverslunina með útsvarsálagningum. Er þetta talið tekið skýrt fram í niðurlagi forsenda landsyfjrrjettardóms, uppkvedins 18. nóv. 1918 í máli milli bæjarstjórnar Reykjavíkur og landsstjórnarinnar um útsvarsskyldu Landsverslunarinnar árið 1917. Er á það bent að ríkissjóður sje ekki útsvarsskyldur af tekjum sínum af talsíma og ritsíma, ekki af húseignum sínum, lóðum, lendum, jörðum eða sjóðum. Meira að segja hafi bæjarsíminn hjer í bænum greitt aukaútsvar meðan hann var rekinn sem einka-fyrirtæki, en viðurkent hafi verið að útsvarsskyldan fjelli niður, er ríkissjóður eignaðist hann og tók að starfrækja hann. Því er og haldið fram, að þetta sje alls ekkert undarlegt, því ríkissjóður sje eign allra landsmanna, og væri því harla undarlegt ef einstökum bæjar- eða sveitarfjelögum væri heimilt að skattleggja hann, því það væri sama og að leggja skatt á landsmenn, sem búsettir væri á öðru landshorni. — Enn er bent á það, að innflutningur vína hafi verið bannaður áður svo að bæjarsjóður Reykjavíkur hafi einskis í mist við það, að ríkissjóður tók að sjer sölu þeirra. Ástæðan til þess að ríkið tók að sjer verslun á áfengi hafi alls ekki verið væntanlegur gróði á sölnni eða það,

að hlynnna hafi átt að ríkisrekstri, heldur hafi markmiðið verið það, að sporna við mjög miklum innflutningi áfengis.

Af hálfu bæjarsjóðs er því hinsvegar mótmælt að sú meginregla gildi í íslenskri löggjöf að ríkissjóður sje ekki útsvarskyldur og á það bent að engin lög sjeu því til fyrirstöðu, að ríkissjóði verði talið skylt að greiða útsvar af atvinnu, sem hann reki í einstöku sveitar- eða bæjarfjelögum í gróðaskyni. Ástæðan til þess, að ekki hafi verið lagt útsvar á ríkissjóð, sje sú, að það sje fyrst nú á allra síðustu árum, að ríkissjóður hafi byrjað á atvinnurekstri í gróðaskyni, svo engin venja hafi getað myndast, sem útiloki útsvarskyldu ríkissjóðs þegar svo standi á. Því er haldið fram, að starfræksla ríkissjóðs á síma- og póstflutningum sje ekki sambærileg við Landsverslunina eða Áfengisverslunina eins og þar sjeu reknar og hafi verið árið 1922. Markmiðið með ríkisrekstri á sínum og póstflutningi sje eingöngu það, að tryggja landsmönnum sem hagfeldust og ódýrust not af þessum samgöngutækjum, en alls ekki gróði á rekstrinum. Áfengisverslunin, að minsta kosti smásalan, sje hinsvegar rekin eingöngu í hagsmunaskyni fyrir ríkissjóð, og hafi verið falin einstökum mönnum í hinum kaupstöðunum af því, að þar hafi verið minni gróða að vænta. Með Landsversluninni eins og hún hafi verið rekin síðan árið 1920 en þó einkum síðan ríkið tók einkasölu á tóbaki og steinolíu og fjekk henni að versla með, og með Áfengisversluninni, megi segja að fyrstu sporin sjeu stigin til þess að ríkið taki í sínar hendur í gróðaskyni rekstur þeirra atvinnuvega, sem borgarar þjóðfjelagsins hafi haft tekjur sínar af og sjeu engin takmörk fyrir því, hve halda megi langt á þeirri braut, en það rýri tekjur borgaranna af þeim atvinnuvegum og þar með gjaldþol þeirra og gjöri þá ófæra til að bera sömu byrðar og áður í þarfir þjóðfjelagsins og mæli hlutarins eðli með því, að ríkissjóður ljetti að sama skapi opinberum gjöldum af einstaklingunum og hann taki frá þeim eða rýri atvinnulindir þeirra. Sjerstaklega eigi þetta við um gjöldin í þarfir sveitarsjóðanna þar sem engir væru til að bera þarfir þeirra ef ríkið tæki allan arðinn af atvinnuvegunum. Ríkisrekstur einhverrar atvinnu innan ákveðins sveitarfjelags eða bæjarfjelags, sje sama og allir landsbúar reki þar þessa atvinnu í fjelagi og sje því ekki nema eðlilegt og rjettmætt, að greiddur sje hæfilegur skattur af þessum atvinnurekstri til hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarfjelags, enda sje

það í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaganna um atvinnu-  
rekstur utansveitarmanna eða fjelaga innan ákvedins sveitarfjelags.

Loks er bent á það af hálfu gjörðarbeiðanda, að það sje  
aðeins tylliástæða að ríkið hafi tekið að sjer smásöluna með áfengi  
til þess að takmarka áfengisnautn í landinu, því þá hefði ríkið  
líka átt að taka að sjer smásöluna í hinum kaupstöðunum, og á  
það, að bæjarsjóðir njóti hagnaðarins af smásölnni þar, því  
þeir geti lagt á útsölumennina og sje því Reykjavíkurbær rjett-  
lægri í því efni en þeir nema að víðurkent verði, að Áfengis-  
verslunin sje hjer útsvarsskyld.

Á því er nú enginn efi að Áfengisverslunin, sjerstaklega  
smásalan hjer í bænum, er rekin að minsta kosti aðallega í gróða-  
skyni fyrir ríkissjóð sbr. lög nr. 62/1921, 7. og 9. gr. og sjer-  
staklega 4. og 5. gr. reglugjörðar nr. 65/1922 og fjárlögin fyrir  
árið 1924 nr. 18/1923, 2. gr. 18, og er að því leyti ekki frábrugð-  
in öðrum verslunum einstakra manna eða fjelaga. Rjettinum er  
ekki kunnugt um að nokkurt ríkissjóðsfyrirtæki hafi áður verið  
rekið aðallega í atvinnu- eða gróðaskyni og verður því að vera  
gjörðarbeiðanda samdóma um það, að engin venja geti hafa mynd-  
ast um gjaldfrelsi slikra fyrirtækja ríkissjóðs til sveitar- eða bæjar-  
sjóða. Það er og ofmælt að ríkissjóður greiði engin gjöld til  
sveitar- eða bæjarsjóða og sje gjaldfrjáls til þeirra, því hann  
greiðir hjer í Reykjavík ekki aðeins þau gjöld í bæjarsjóð, sem  
segja má að sjeu borgun fyrir ákveðin hlunnindi, sem bærinn læt-  
ur í tje, svo sem vatnsskatt, raforkugjald, sorphreinsunargjald,  
gangstjettagjald og hafnargjald fyrir skip sín í Hafnarsjóð, held-  
ur og hið almenna lóðargjald í bæjarsjóð eftir lögum nr. 18/1877  
um bæjargjöld í Reykjavíkurkaupstað af öllum húseignum sínum  
og lóðum í bænum, að dómkirkjunni einni undanskilinni, enda er  
hún ein berum orðum undanþegin gjaldinu í lögnum (2. gr. in fine).

Rjetturinn fær nú ekki betur sjeð en að Áfengisverslunin  
falli beint undir orðin í 1. og 3. gr. laga nr. 18/1877 („stofnanir  
og arðsöm fyrirtæki,“ „föstum verslunum og öðrum arðsömum  
stofnunum og fyrirtækjum í kaupstaðnum“) og sje því útsvars-  
skyld, nema hægt sje að byggja gjaldfrelsi hennar á einhverri  
sjerstakri heimild. Eins og að framan greinir telur rjetturinn það  
ekki verða bygt á venjunni og þekkir ekkert alment lagaboð, er  
það verði bygt á og í hinum sjerstöku lögum um Áfengisverslun-  
ina er það ekki að finna. Rjetturinn fær því ekki sjeð, að hægt  
sje að taka til greina hin framkomnu mótmæli gegn framgangi  
lögtaggjörðar þessarar.